

FUNDARGRERÐ

241. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2025, kl. 13:30 í gegn um Teams.

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir
Radek B. Dudziak

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
3. Auto ehf.
4. Umgengni á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi
5. Erindi frá Samherja Ísland vegna fiskþurrkunnar á Laugum í Reykjadal
6. Endurskoðun vatnsverndar í Norðurþingi
7. Drög að samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Norðurþingi.
8. Skútaberg, Moldhaugnahálsi
9. Umsagnir
10. Útgefin starfsleyfi
11. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
12. Staðfestar skráningar
13. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 240. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 12. febrúar sl. Þá var einu sinni sem oftast rætt um umgengni við Hamragerði 15 á Akureyri og á Setbergi á Svalbarðsströnd og ítrekaði nefndin að dagsektum yrði beitt þar til úr yrði bætt á báðum stöðum.

2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Enn hefur ekki verið brugðist við margítrekuðum kröfum um tiltekt á lóðinni, þrátt fyrir að rúmt ár sé liðið frá því að ákveðið var að beita dagsektum í þeim tilgangi að knýja fram úrbætur. Óinnheimtar dagsektir eru í innheimtuferli hjá Lögheimtunni og hafa verið um alllangt skeið.

Heilbrigðisnefnd undrast að ekki hafi verið brugðist við sjálfsögðum og eðlilegum kröfum um tiltekt á lóðinni og harmar langvarandi aðgerðar- og afskiptaleysi lóðarhafa. Nefndin ítrekar að dagsektum verður beitt þar til bætt verður úr umgengni á lóðinni.

Þá undrast nefndin langt og svífaseint innheimtuferli sem torveldar eftirfylgni.

3. Auto ehf.

Ástandið á athafnasvæði fyrirtækisins að Setbergi á Svalbarðsströnd er óbreytt. Þar er mikið magn ökutækja og annarra lausamuna bæði innan og utan lóðarmarka og er lóðin því verulegt lýti í umhverfinu. Dagsektir hafa verið lagðar á frá því í lok október í samræmi við ákvörðun á 238. fundi Heilbrigðisnefndar. Þrátt fyrir að hafa fengið lóð til afnota hjá Akureyrarbæ eru númerslausir og afskráðir bílar á vegum fyrirtækisins áberandi bæði á einka- og almenningslóðum á Akureyri og berast kvartanir vegna þeirra nánast daglega til Heilbrigðiseftirlits og/eða Akureyrarbæjar.

Heilbrigðisnefnd ítrekar enn á ný kröfu um að án frekari tafa verði tekið til á lóð fyrirtækisins á Svalbarðsströnd og að dagsektir verða lagðar á þar til úr verður bætt. Að mati nefndarinnar hefur samningur Akureyrarbæjar við fyrirtækið um tímabundin afnot af lóð í Krossanesi ekki skilað þeim árangri að fækka númerslausum bílum á vegum fyrirtækisins í bæjarlandinu eins og lagt var upp með. Bílar á lóðinni í Krossanesi eru margir hverjir í slæmu ástandi og að mati heilbrigðisnefndar er afar brýnt að ekki verði beðið lengur með hreinsun á svæðinu í Krossanesi.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að númerslausir og afskráðir bílar á vegum fyrirtækisins hafa verið viðvarandi vandamál á Akureyri í mörg ár. Á undanförnum 5 árum hafa tæplega 100 bílar á vegum fyrirtækisins verið fjarlægir í kjölfar álíminga og margfalt fleiri hafa verið fluttir reglulega á milli staða innanbæjar.

4. Umgengni á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi

Frá því um mitt ár 2024 hafa fjölmargir númerslausir bílar staðið á lóð Akureyrarbæjar í Krossanesi. Bílarnir eru margir hverjir í afar slæmu ásigkomulagi og af þeim stafar bæði mengunar- og slyshætta.

Að mati Heilbrigðisnefndar þarf að fjarlægja bíla af lóðinni og hreinsa hana í kjölfarið til þess að koma í veg fyrir slysa- og mengunarhættu. Gerð er krafa um að því verði lokið fyrir 1. júní nk.

5. Erindi frá Samherja Ísland vegna fiskþurrkunnar á Laugum í Reykjadal

Tekið fyrir erindi frá Samherja Ísland ehf. þar sem óskað er eftir framlengingu á gildistíma starfsleyfis fyrir heitloftspurrkun fiskafurða á Laugum en leyfið gildir til 15. maí nk. Fyrir liggur úrbótaáætlun frá fyrirtækinu sem gerir ráð fyrir því að þeim úrbótum sem gerð er krafa um í starfsleyfi verði lokið í byrjun nóvember nk.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfi Samherja fyrir heitloftspurrkun fiskafurða á Laugum í Reykjadal verði framlengt um 6 mánuði og gildi til 15. nóvember nk. Með því hefur gildistími leyfisins sem upphaflega átti að gilda til 15. nóvember 2024 verið framlengdur um eitt ár, sem er hámarkstími framlengingar skv. 4.mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Forsenda þess að nýtt starfsleyfi verði gefið út er sú að unnið verið samkvæmt innsendri úrbótaáætlun og þær kröfur sem fram koma í starfsleyfi verði uppfylltar.

6. Endurskoðun vatnsverndar í Norðurþingi

Lögð fram skýrsla frá verkfræðistofunni Vatnaskil þar sem lagðar eru til breytingar á vatnsverndarsvæðum í Norðurþingi í tengslum við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Bætt er við nýjum vatnsverndarsvæðum þar sem þess er þörf og vatnvernd felld niður á svæðum þar sem vatnsból eru ekki til staðar eða vegna breyttra forsenda.

Heilbrigðisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að vatnsverndarsvæðum í Norðurþingi verði breytt til samræmis við þær tillögur sem settar eru fram í skýrslu Vatnaskila.

7. Drög að samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Norðurþingi.

Lögð fram drög að samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Norðurþingi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. Skútaberg, Moldhaugnahálsi

Boðaðar framkvæmdir við varanlegt geymslusvæði á Moldhaugnahálsi eru enn ekki hafnar, m.a. vegna bleytu á svæðinu. Í framkvæmdaáætlun Skútabergs dagsettri 8. apríl sl. er gert ráð fyrir því að vinna við geymslusvæðið hefjist um mánaðarmótin apríl –maí 2025 og í september verði byrjað á því að flytja vörugáma inn á geymslusvæðið og þar á eftir flutningabíla með vörukössum.

Að mati heilbrigðisnefndar er umgengi um svæðið afleit og er ásýnd þess verulegt lýti í umhverfinu. Ljóst er, að mati nefndarinnar að rækileg tiltekt á svæðinu þolir ekki frekari bið. Með hliðsjón af ásýnd svæðisins og að teknu tilliti til framkvæmdaáætlunar Skútabergs gerir nefndin þá kröfu að tiltekt á svæðinu hefjist án frekari tafa og að fyrir 1. nóvember nk. verði búið að fjarlægja alla gáma, vinnubúðaeiningar og flutningabíla með vörukössum af svæðinu og koma fyrir á þar til gerðu geymslusvæði eða farga eftir löglegum leiðum. Verði ekki brugðist við á fullnægjandi hátt að mati nefndarinnar kemur til greina að beita þvingunarræðum í samræmi við XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunvarnarnir í þeim tilgangi að knýja á um úrbætur.

9. Umsagnir

1. Umsögn um deiliskipulag fyrir suðurbæ Þórshafnar.
2. Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags ferðamannasvæða við Aldeyjarfoss, Ingvarafoss og Hrafnabjargafoss í Skjálfandafljóti
3. Umsögn um breytingu á deiliskipulagi fyrir suðurhafnasvæðis á Húsavík
4. Umsögn um aðal- og deiliskipulag vegna Tunguárvirkjunar í Þistilfirði.
5. Umsögn um tillögu að breyttu deiliskipulagi umhverfis Kirkjuveg á Dalvík
6. Umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 (Stækkun íbúðarsvæðis 302-ÍB)
7. Umsögn um deiliskipulagstillögu athafnasvæðis á Bakkaföt í Eyjafjarðarsveit
8. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 vegna athafnasvæðið við Bakkaföt
9. Umsögn um skipulagslýsingu vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal -
10. Umsögn um skipulagslýsingu vegna vatnstökusvæðis og vatnslagnar á Árskógssandi
11. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna Gleráreyra, 6-8-VÞ6

10. Útgefin starfsleyfi

1. Fang Logistics ehf. kt. 671016-0250 Krossar 2, 621 Dalvík, sala á gistingu án veitingasölu
2. Gæðabakstur ehf. kt. 550595-2499, Hafnarstræti 108, 600 Akureyri, kaffihús
3. Geo Hotel ehf. kt. 680622-1320, Strandgata 49, 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
4. Kaffi LYST ehf. kt. 570107-0700, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri, kaffihús. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
5. Anna Maria Hallgrímsdóttir kt. 260894-3159, Helgamagrastræti 15, 600 Akureyri, Snyrtistofa
6. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169, tímabundið starfsleyfi vegna borunnar tveggja niðurrennsli hola við Kröflu.
7. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169, tímabundið starfsleyfi vegna jarðborunnar (RN-19) sunnan Bæjarfjalls á Þeistareykjum
8. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169, tímabundið starfsleyfi vegna jarðborunnar (RN-20) sunnan Höskuldsvatns á Þeistareykjum
9. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169, tímabundið starfsleyfi vegna jarðborunnar (YV-24) í landi Ytri-Haga í Dalvíkurbyggð
10. Project Aurora I ehf. kt. 600224-0500, Halllandsnes, 606 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
11. Akureyri Backpackers ehf. kt. 450711-1360, Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri, veitingasala
12. Michaela Chebenova kt. 071192-3509, Eurovision movie apartments Héðinsbraut 1, 640 Húsavík, sala á gistingu án veitingasölu
13. Skautafélag Akureyrar kt. 590269-2989, Naustavegi 1, 600 Akureyri, íþróttahús
14. Skautafélag Akureyrar kt. 590269-2989, Naustavegi 1, 600 Akureyri, móttökueldhús
15. Heilbrigðisstofnun Norðurlands kt. 551014-0290, Sunnuhlíð 13, 603 Akureyri, mötuneyti/móttökueldhús
16. Stekkjar ehf. kt. 630523-3110, Grjótgarði 604, Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu í 3 smáhýsum.
17. AEC ehf. kt. 670722-0150, Geldingsá, lóð nr. 9, 606 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu
18. Betra brauð ehf. kt. 691206-2700, Freyjunesi 8, 603 Akureyri, brauðgerð
19. Dýraspítalinn Lögmannshlíð ehf. Safírsræti 1, 603 Akureyri, dýralæknastofa
20. Iga Maria Iwanow kt. 110399-5029, Standgata 19, 600 Akureyri, hárgreiðslu- og snyrtistofa
21. Arndísarstaðir ehf. kt. 650509-1370, Arndísarstöðum, 645 Fosshóll, sala á gistingu án veitingasölu
22. A.G. Verk ehf. (Hreiðrið) kt. 490718-0280, Aðalbraut 16, 675, Raufarhöfn, viðbót við gildandi leyfi, útsvæði fyrir 30 gesti.
23. Hálfkúla ehf. kt. 6509-1340, Rauðá, 645 Fosshóll, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
24. Öxará rekstrarfélag ehf. kt. 460607-0940, Öxará 641, Húsavík, sala á gistingu án veitingasölu, **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

11. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Arnfríður Friðriksdóttir kt. 120261-2909, Háls Dalvíkurbyggð, 621 Dalvík, efnistaka úr efnistökusvæði 663-E

Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfið verði gefið út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillöguna gefi tilefni til annars

12. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Krossanesbraut, 603 Akureyri, niðurrif mannvirkja
2. Darri ehf. kt. 551196-3489, Hafnargata 1, 610 Grenivík, fiskvinnsla
3. Orkan IS ehf. kt. 680319-0730, Grímseyjargata 2, 600 Akureyri, bón-og bílaþvottastöð
4. BB byggingar ehf. kt. 550501-2280, niðurrif á hluta byggingar við Laufásgötu 11 á Akureyri.
5. Handknattleiksdeild Þórs kt. 421291-2099, flugeldasýning við Hamar 29. mars 2025

13. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður 12. Júní

Fundi slitið kl. 14:30

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðisfulltrúi
Radosław Bolesław Dudziak